

Fundargerð 154. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 01. apríl 2020, kl. 12.00, haldin á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946 Ásbrú, Reykjanesbæ.

Mættir: Ísak Ernir Kristinsson stjórnarformaður,
Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarmaður,
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður,
Reynir Sævarsson, stjórnarmaður,
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarmaður
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.
Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri kom inn á fund stjórnar undir lið 2.-4.
Fundurinn var haldinn sem fjarfundur vegna samkomubanns vegna Covid-19.

1. *Fundargerð síðasta stjórnarfundar.*

Borinn upp og samþykkt.

2. *Ársreikningur 2019.*

Stjórnarformaður fól fjármálastjóra að fara yfir drög að ársreikningi 2019.

Bókfært virði eignarhlut félagsins í Fluglestinni var fært niður og haft jafnt nafnvirði.

Lækkun var á handbæru fé vegna skuldar sem gerð var upp við ríkissjóð á árinu 2019.

Stjórn samþykkti ársreikninginn.

3. *Rekstraráætlun 2020.*

Fjármálastjóri fór yfir rekstraráætlun 2020. Í kjölfarið fór framkvæmdastjóri yfir þróunaráætlun félagsins fyrir árin 2020-2021 ásamt rekstarkostnaði.

Stjórn samþykkti að setja upp og vinna eftir tveggja ára áætlun sem samþykktar eru af stjórn og endurskoðaðar á 6 mánaða fresti.

Stjórn samþykkti rekstraráætlun fyrir árið 2020.

4. *Fjármagnsskipan félagsins.*

Fjármálastjóri fór yfir tilboð sem félagið hefur fengið vegna fjárstýringu á handbæru fé félagsins. Umræður. Stjórn ákvað að fara eftir tillögu nr. 2 sem lögð var fyrir stjórn og fól framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að vinna málið áfram.

5. *Lóðarleigusamningur í Helguvík.*

Framkvæmdastjóri rifjaði upp málið frá síðasta stjórnarfundum. Lagt fram til upplýsinga.

Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram.



6. *Aðalfundur 2020.*

Stjórnarformaður lagði til að aðalfundur félagsins yrði haldinn þann 8. júní nk. Stjórn samþykkti tillöguna.

7. *Önnur mál.*

a. *Aðgerðarlisti stjórnar.*

Framkvæmdastjóri fór yfir aðgerðalista stjórnar frá síðasta stjórnarfundi. Stjórn þakkaði yfirferðina.

b. *Teikningamál*

Verkefnastjóri fór yfir tilboð sem fengin voru í frágang teikninga sem liggja hjá félaginu. Stjórn samþykkti að taka tilboði B frá Gagnavörslunni. Verkefnastjóra var falið að ræða við Gagnavörsluna um nánari útfærslu á tilboðinu.

c. *Lóðarleiga – Ósk um frestun vegna fordæmalausra tíma vegna Covid-19*

Erindi hafa borist félaginu um frestun á lóðarleigu vegna þessa fordæmalaus tíma vegna Covid -19 faraldursins. Stjórn tók vel í erindið og telur það sjálfsagt að sýna liðleika á tímum sem þessum og veita greiðslufrest á lóðarleigu. Stjórn fól framkvæmdastjóra að útfæra það nánar í samræmi við umræður stjórnar.

d. *Starfslok*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um starfslok eins verkefnastjóra hjá félaginu.

e. *Ósk um lóðir á þróunarsvæði*

Umræður um fyrirspurnir og óskir um lóðarúthlutun á þróunarsvæði samstarfsins.

Stjórn sammála um að þarft sé að vísa slíkum fyrirspurnum í einn farveg, til Kadeco sem mun fara fyrir slíkum fyrirspurnum á svæðinu í framtíðinni.

Engin önnur mál voru borin upp undir þessu lið.

Næsti fundur stjórnar verður í maí 2020.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.30.

Isak E. Kristinsson
Rannveig Svavelsdóttir Elin Arnadóttir
Alvín Alvarsson Lemmi Seeman